

Bæjarstjórn Hafnarfjarðarbæjar  
b/t Haraldar Líndal Haraldssonar bæjarstjóra  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfirði



Reykjanesbæ, 2. mars 2015

Stjórn HS Veitna hf hefur ákveðið að boða til aðalfundar félagsins miðvikudaginn 18. mars 2015 á Brekkustíg 36, Reykjanesbæ og hefst hann kl. 16.00.

Dagskrá fundarins er þannig, samanber 13. gr. samþykktu félagsins:

1. Fundarsetning; Gunnar Þórarinnsson, stjórnarformaður.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á næstliðnu starfsári.
4. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar ásamt skýrslu endurskoðenda og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og um arðgreiðslur og framlög í varasjóð.
5. Tillaga stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
6. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
7. Breytingar á samþykktum félagsins sbr. 22. grein samþykktu félagsins.
8. Kosning stjórnar félagsins sbr. 16. grein.
9. Kosning endurskoðenda sbr. 21. grein.
10. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.


„Athygli er vakin á því að í 63. gr. a. hlutafélagalaga er ákvæði um að tilkynna skuli skriflega **skemmst fimm dögum fyrir hluthafafund**, þar sem kjósa á félagsstjórn, um framboð til stjórnar í hlutafélagi sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.–3. mgr. [98. gr. laga nr. 3/2006](#), um ársreikninga. Í tilkynningu um framboð til stjórnar skuli geta auk nafns frambjóðanda, kennitölu og heimilisfangs, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu. Þá skal einnig upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu.“

Jafnframt er vakin athygli á meðfylgjandi athugasemd ríkisskattstjóra vegna skipunar í varastjórn félagsins á hluthafafundi þann 19. janúar s.l. sem hafa verður í huga við stjórnarkjör á aðalfundinum.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,

F.h. stjórnar HS Veitna hf

  
Júlíus Jónsson  
forstjóri

**From:** Stefán Jóhann Jónsson [<mailto:stefan.jonsson@rsk.is>]

**Sent:** 24. febrúar 2015 11:02

**To:** Eygló H. Valdimarsdóttir

**Subject:** v. tilk. HS Veitur hf.

Góðan daginn

Eftirfarandi athugasemdir eru gerðar við tilkynningu hjá ofangreindu félagi

**1) Undirritun:** Nýir aðilar í stjórn ásamt varamönnum verða að staðfesta stjórnarsetu sína með undirritun. Vinsamlegast fáið undirritun Árna Sigfússonar.

**2) Kynjahlutföll:** Samkvæmt tilkynningu eru fjórir karlmenn í stjórn og 3 konur. Þessi hlutföll í varastjórn eru 6 karlmenn og ein kona. Þar sem hakað er við að starfsmannafjöldi sé meiri en 51, þá á 2. og 3. málsliður 1. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög við. Þar kemur fram að í stjórnnum opinberra hlutafélaga og hlutafélaga þar sem starfa fleiri en 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skal hvort kyn eiga fulltrúa í stjórn þegar stjórn er skipuð þremur mönnum og þegar stjórnarmenn eru fleiri en þrír í slíkum félögum skal tryggt að hlutfall hvors kyns sé ekki lægra en 40%. Hið sama gildir um kynjahlutföll meðal varamanna í slíkum félögum en hlutföllin í stjórn og varastjórn skulu þó í heild vera sem jöfnust.. Miðað við þetta þá uppfyllir varastjórn félagsins ekki 1. mgr. 63. gr. laga nr. 2/1995.

Hægt er að senda leiðrétt gögn í tölvupósti eða stjórnarmaður, prókúruhafi eða félagsmaður getur mætt í fyrirtækjaskrá og leiðrétt gögnin á staðnum, ef við á. Opnunartími er milli 9:30-15:30

Ég get sent þér skannað eintak af gögnunum til að leiðrétta ef þú ert ekki með afrit af gögnunum.

Ef gögn eru send með tölvupósti þá er nauðsynlegt að allar undirskriftir séu á gögnunum og ef leiðréttingar eru skrifaðar inn í gögnin að prókúruhafi setji skammstafina sína við leiðréttinguna til staðfestingar á því að hann hafi framkvæmt þessa breytingu.

**Vinsamlegast leiðréttið gögn innan tveggja mánaða** annars verður tilkynningin endursend án skráningar.

Kveðja / Regards  
Stefán Jóhann Jónsson



**Ríkisskattstjóri Reykjavík**  
Internal Revenue, Main Office  
Reykjavík

Skráasvið / Register of Enterprises  
Lögfræðingur  
Sími / Phone: (+354) 442 1282

[stefan.jonsson@rsk.is](mailto:stefan.jonsson@rsk.is)  
[www.rsk.is](http://www.rsk.is)

[www.rsk.is/legal/disclaimer.txt](http://www.rsk.is/legal/disclaimer.txt)

## MINNISBLAÐ

### *Vegna fyrirhugaðra kaupa eigin hlutafjár og síðan niðurfærslu þess.*

- Eigið fé HS Veitna hf 31.12.2014 var kr. 10.194.807.489
- Nafnverð hlutafjár 31.12.2014 var kr. 1.336.429.000
- Innra virði hlutafjár er þá rétt tæplega 7,63.
- Keypt verði hlutafé að nafnvirði 262.129.000 (19,6%) og heildarhlutafé að loknum viðskiptunum þá kr. 1.074.300.000.
  
- Reykjanesbær 131.326.629 hlutir á kr. 1.002.000.000
- HSV Eignarhaldsfélag slhf 90.125.720 hlutir á kr. 687.644.020
- Hafnarfjarðarbær 40.414.522 hlutir á kr. 308.355.980.
- Sandgerðisbær 262.129 hlutir á kr. 2.000.000

#### **Eftir sölu verður eignarhald þá þannig:**

• Reykjanesbær	538.224.300 hlutir og 50,1000%
• HSV Eignarhaldsfélag slhf	369.367.985 hlutir og 34,3822%
• Hafnarfjarðarbær	165.633.415 hlutir og 15,4178%
• Sandgerðisbær	<u>1.074.300 hlutir og 0,1000%</u>
Samtals	1.074.300.000 hlutir og 100,000%

- Breyting verði gerð á 1. málsgrein 4. greinar samþykka félagsins. Málsgreinin er í dag “Hlutafé félagsins er 1.336.429.000 króna” en í stað þess komi “Hlutafé félagsins er 1.074.300.000 króna”.
  
- Vinna við fjármögnun er í fullum gangi og skýrist væntanlega í þessari viku.

]]] 2. mars 2015